

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/49/33

frá 11. febrúar 2003

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir ryksugur (\*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 114)

(2003/121/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,Undir vöruflokkinn „ryksugur“ falla allar ryksugur sem eru sjálfstæðar einingar, s.s. liggjandi og standandi ryksugur sem geta við hverja notkun sogað ryk af yfirborði sem er a.m.k. 10 m<sup>2</sup>.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til vöruflokksins teljast ekki ryksugur án rafmagnssnúru eða ryksugur sem ganga fyrir rafhlöðum og miðlæg ryksugakerfi.

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að settar verði sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfiserkingaefnd Evrópusambandsins setti fram en henni var komið á fót skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

3. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „23“ notað fyrir ryksugur.

4. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. apríl 2003 til 31. mars 2007. Hafi endurskoðaðar viðmiðanir ekki verið samþykktar 31. mars 2007 gildir þessi ákvörðun til 31. mars 2008.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ryksuga, sem fær umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000, verður að falla undir vöruflokkinn sem skilgreindur er í 2. gr. þessarar ákvörðunar og uppfylla þær viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 47, 21.2.2003, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2003 frá 26. september 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, 18.12.2003, bls. 33.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

## VIÐAUKI

## RAMMI

**Markmiðið með viðmiðunum**

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum að:

- dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri orkunotkun (hnattrænni hlýnun, súrnun, eyðingu óendurnýjanlegra auðlinda) með því að draga úr orkunotkun,
- dregið verði úr umhverfisspjöllum, sem tengjast nýtingu náttúruauðlinda, með því að auka endingu, hvetja til endurvinnslu og viðhalds ryksuga (sem hér á eftir kallast varan),
- dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri notkun hættulegra efna, með því að minnka notkun þessara efna.

Viðmiðununum er ætlað að stuðla að bestu starfsvenjum (ákjósanlegustu notkun fyrir umhverfið) og að efla umhverfisvitund neytenda. Merking íhluta úr plasti stuðlar enn fremur að endurvinnslu þeirra.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að því að þær ryksugur séu merktar sem eru framleiddar þannig að af hljótist lítil umhverfisáhrif.

**Kröfur varðandi mat og sannprófun**

Sérstakar kröfur varðandi mat og sannprófun eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að þær séu jafngildar.

Prófun skal fara fram, eftir því sem unnt er, á rannsóknarstofum sem hafa hlotið faggildingu eða uppfylla kröfurnar í staðlinum EN ISO 17025 og eru færar um að annast viðkomandi prófanir.

Þegar þess er krafist að umsækjandi leggi yfirlýsingar, upplýsingaskjöl, prófunarskýrslur eða önnur sönnunargögn fyrir þar til bæra stofnun er metur umsóknina til staðfestingar á að varan uppfylli viðmiðanirnar ríkir sá skilningur að þessi skjöl komi annaðhvort frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans eða undirbirgjum þeirra o.s.frv., eftir því sem við á.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist frekari gagna og framkvæmt óháða sannprófun.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að viðmiðanir séu uppfylltar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001 er beitt (*aths.: ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt*).

**VIÐMIÐANIR****1. Orkunotkun og uppsog ryks**

- a) Eftir að strokið hefur verið fimm sinnum yfir Wilton gólfteppi skal uppsog ryks vera a.m.k. 70% og orkan, sem er notuð, vera minni en 345 vattstundir (Wh).
- b) Eftir eina stroku yfir harða gólfplötinn, sem er tilgreindur í lið 5.2 í EN 60312, skal uppsog ryks vera a.m.k. 98% og orkan, sem er notuð, vera minni en 69 vattstundir (Wh).

*Mat og sannprófun: Fyrir hvora viðmiðun hér að framan, a og b, skal umsækjandinn leggja fram prófunarskýrslur sem tilgreina það magn ryks sem tekið er upp skv. EN 60312, eins og tilgreint er hér að framan, þar sem notaður er tómur poki eða rykilát/geymir (eftir því sem við á). Harði gólfplöturinn skal vera úr ómeðhöndlaðri, lagskiptri furu eða plötu sem er a.m.k. 15 mm þykkt.*

**2. Ending**

- a) Endingartími mótorsins skal a.m.k. vera 550 klukkustundir.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á prófunaraðferð IEC 312, lið 19.1, eða EN 60312.*

- b) Endingartími soghaussins með teppabankaranum (power nozzle) skal a.m.k. vera 1000 tromlusnúningar.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á prófunaraðferð IEC 312, lið 20.1, eða EN 60312.*

- c) Barkinn skal þola að sveigjast til a.m.k. 40 000 sinnum.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á prófunaraðferð IEC 312, lið 20.2, eða EN 60312.*

- d) Aðalrofinn til að kveikja og slökkva skal virka bæði handvirkt og rafrænt í a.m.k. 2500 skipti.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu þar sem tilgreint er hvaða prófunaraðferð var notuð. Prófunin skal gerð á ryksugunni þegar soghausinn er ekki tengdur við hana.*

- e) Framleiðanda ber að ábyrgjast að ryksugan sé í lagi í tvö ár hið minnsta. Þessi ábyrgð skal gilda frá þeim degi sem viðskiptavinurinn fær tækið afhent.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram afrit af ábyrgðarskirteininu sem er dreift með vörunni.*

- f) Í a.m.k. tíu ár frá því að framleiðslu er hætt skal tryggt að allir varahlutir, sem nauðsynlegir eru til að varan virki rétt, séu áfram á boðstólum.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt viðeigandi fylgiskjölum.*

### 3. Endurvinnslumöguleikar, endurvíðtaka og endurvinnsla

- a) Framleiðandinn skal gæta að því að unnt sé að taka vöruna í sundur og leggja fram skýrslu þar að lútandi til þriðja aðila ef óskað er eftir því.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt afriti af sundurhlutunarskýrslunni.*

- b) Rafhlutirnir skulu tengdir með vélrænum hætti til að auðvelda sundurhlutun og endurvinnslu.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt viðeigandi fylgiskjölum sem sýna hönnun vörunnar og vélrænar tengingar milli rafhluta. Sundurhlutunarskýrslan, sem umsækjandinn leggur fram (eins og hér að framan), skal staðfesta þetta.*

- c) Auðvelt skal vera að komast að málmhlutum til að greiða fyrir sundurhlutun og endurvinnslu.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt viðeigandi fylgiskjölum sem sýna hönnun vörunnar og aðgengi að málmhlutum. Sundurhlutunarskýrslan, sem umsækjandinn leggur fram (eins og hér að framan), skal staðfesta þetta.*

- d) Ryksugan (þ.m.t. soghausinn með teppabankaranum og barkinn) skal ekki innihalda blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómað bifényl og/eða fjölbrómaða difénylstra, nema með þeim hætti sem leyft er í viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði <sup>(1)</sup> og síðari breytingum hennar.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt viðeigandi fylgiskjölum sem tilgreina hvaða logavarnarefni, ef einhver, hafa verið notuð. Þar til viðunandi hámarksstyrkur fyrir þessi efni hefur verið ákvarðaður innan ramma framangreindrar tilskipunar skal umsækjandinn og/eða birgir eða birgjar hans lýsa yfir því að þessum efnum hafi ekki verið bætt í ryksuguna eða íhluti hennar af ásettu ráði.*

- e) Í plasthlutum mega ekki vera neindir innfelldir málmhlutir sem ekki er hægt að skilja frá.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt viðeigandi fylgiskjölum sem tilgreina tegund hvers kyns innfelldra málmhluta. Sundurhlutunarskýrslan, sem umsækjandinn leggur fram (eins og hér að framan), skal staðfesta þetta.*

- f) Plasthlutar, sem eru þyngri en 25 grömm, skulu ekki innihalda nein klórparaffín með 10-13 C-frumeinda keðjulengd, klórinnihald > 50% miðað við þyngd (CAS 85535-84-8).

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt viðeigandi fylgiskjölum sem tilgreina hvaða logavarnarefni, ef einhver, hafa verið notuð.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

- g) Hlutar úr plasti, sem vege meira en 25 g, skulu ekki innihalda logavarnarefni eða efnablöndur sem innihalda efni sem hafa fengið eða geta fengið, þegar umsóknin er lögð inn, hættusetningarnar H45 (getur valdið krabbameini), H46 (getur valdið arfgengum skaða), H50 (mjög eitrað vatnalífverum), H51 (eitrað vatnalífverum), H52 (skaðlegt vatnalífverum), H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni), H60 (getur dregið úr fjósemi) eða H61 (getur skaðað barn í móðurkviði), eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna <sup>(1)</sup>, og síðari breytingum hennar.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt viðeigandi fylgiskjölum sem tilgreina hvaða logavarnarefni, ef einhver, hafa verið notuð, ásamt öryggisleiðbeiningum sem tengjast þeim.*

- h) Á hlutum úr plasti, sem vege meira en 25 g, skal vera varanleg merking, sem sýnir um hvaða efni er að ræða, í samræmi við ISO-staðal 11469.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt viðeigandi fylgiskjölum.*

- i) Framleiðandi skal taka aftur við vörunni til endurvinnslu, svo og öllum íhlutum sem skipt hefur verið um, nema rykpokum og síum. Þetta skal vera endurgjaldslaust nema staðaryfirvöld eða landsyfyrirvöld hafi komið á gjaldi fyrir þetta.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt viðeigandi fylgiskjölum.*

#### 4. Hávaði

Hávaðinn (hljóðaflið) skal tilgreindur á vörunni og skal ekki fara yfir 76 dBA (viðmiðun 1 píkóvatt).

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á prófunaraðferðinni EN 60704-2-1 og yfirlýsingin um hávaðann skal gerð í samræmi við aðferðina EN 60704-3. Umsækjandinn skal leggja fram afrit af því hvernig yfirlýsingin var gerð.*

#### 5. Ryklosun

- a) Rykmagnið (Q), sem losað er, skal vera minna en 0,01 mg/m<sup>3</sup>.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á prófunaraðferðinni EN 60312.*

- b) Unnt skal vera að skipta um ryksiur og/eða hægt að þvo þær og skulu þær vera ljósar að lit.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um að þessi krafa sé uppfyllt.*

#### 6. Hreyfímótstaða soghauss

Hreyfímótstaða soghaussins (R) skal vera minni en 25 N.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á prófunaraðferðinni EN 60312.*

#### 7. Leiðbeiningar og upplýsingar fyrir notendur

Selja skal vöruna með viðeigandi upplýsingum fyrir notendur þar sem gefin eru ráð um rétta notkun hennar með tilliti til umhverfissjónarmiða, einkum:

- a) upplýsingar um að verulega megi draga úr orkunotkun ef rykilátið eða -pokinn er tæmdur þegar hann er orðinn fullur (*athugasemd: ef framleiðandi getur sýnt fram á að svo er ekki þarf ekki að uppfylla þessa viðmiðun*),
- b) ráðlegging um að slökkt skuli vera á ryksugunni þegar ekki er verið að nota hana,
- c) upplýsingar um ábyrgð og að varahlutir séu fáanlegir,
- d) upplýsingar þess efnis að varan hafi verið hönnuð þannig að hún henti til endurvinnslu og því ætti ekki að henda henni. Ráðleggingar um hvernig neytandinn getur nýtt sér tilboð framleiðanda um endurvíðtöku til endurvinnslu,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB 196, 16.8.1967, bls. 1.

- e) upplýsingar um að vörunni hafi verið veitt blómið (umhverfismerki ESB) ásamt stuttri skýringu á því hvað það merkir, og einnig að frekari upplýsingar um umhverfismerkið fáiast á veffanginu: <http://europa.eu.int/ecolabel>,
- f) upplýsingar um ýmsar viðhaldsaðferðir, einkum að skipta um poka (eða tæma rykilátið) og síur,
- g) gaumljós skal gefa til kynna þegar pokinn eða rykilátið er fullt og nauðsynlegt er að skipta um poka eða tæma ilátið, nema þetta sé greinilegt við venjulega notkun,
- h) upplýsingar um þyngd vörunnar.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal lýsa yfir því að varan uppfylli þessi skilyrði og leggja fram afrit af notendahandbók til þar til bærrar stofnunar er metur umsóknina.*

#### 8. **Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

- skilvirk hreinsun, lítil ryklosun, hljóðlát,
- lítil orkunotkun,
- bætt ending og bættir endurvinnslumöguleikar.

*Mat og sannprófun: umsækjandinn skal lýsa yfir því að varan uppfylli þessa kröfu og leggja fram afrit af umhverfismerkinu eins og það birtist á umbúðum og/eða vörunni og/eða fylgiskjólum.*

---